

Eð.

203. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um heimild til tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum h/f »Kára«.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir athugað tillögu þessa allitarlega. Til þess að afla sjer sem besta upplýsinga um málið hefir nefndin haft fundi með framkvæmdarstjóra h/f »Kára« og einnig með bankastjórum Íslandsbanka.

Við rannsókn málsins kom það í ljós, að fjármálaráðherra hefir í des. síðastl. samþykkt að færa veðrjett þann, er ríkissjóðnr hefir í togurum h/f »Kára«, aftur fyrir rekstrarlán það, er bankinn veitti nefndu hlutafjelagi frá nýári til þess tíma, er Alþingi tæki ákvörðun um málið. Stjórn Íslandsbanka virðist hafa talið veðrjett ríkissjóðs að minsta kosti 13 þús. kr. virði við nýár og veitt rekstrarlán út á þann veðrjett.

Nefndin spurðist fyrir um það hjá bankastjórunum, hvort bankinn mundi veita h/f »Kára« rekstrarlán yfirstandandi vertíð, ef þingsályktunartillagan yrði samþykkt. Bankastjórnin kvaðst ekki geta sagt ákveðið nm það. Veðið hefði verið gefið eftir af ráðherra — til þess að fjelagið gæti haldið áfram — frá 1. jan. og þangað til þingið gæti tekið ákvarðanir. Óvíst væri nú, að hve miklu rekstrarhalli á þeim tíma hefði jetið upp veðið. Hvort rekstrarlán yrði veitt, færi eftir því, hvort fjelagið gæti sett bankanum sæmilega trygging fyrir láninu. Eunnfremnr væri það háð afstöðu bankans til útgerðarlána yfir höfuð.

Að fengnum þessum upplýsingum gat nefndin ekki orðið á eitt sátt um niðurstöðu og tillögur. Meiri hl. tjáði sig fúsan að leggja til, að tillagan yrði samþykkt, en við undirritaðir getum ekki fallist á — eftir því sem upplýst er í málinu — að það hafi nokkra verulega þýðingu um afkomu h/f »Kára«, þó þessi tilfærsla væri veitt. Annar veðrjettur virðist þegar vera uppjetinn með tilfærslu þeirri, er fjármálaráðherra samþykkti í vetur, og við fáum ekki sjeð, að hvaða gagni tilfærslan gæti orðið nefndu hlutafjelagi, þar sem bankastjórn Íslandsbanka hefir látið uppi, að hún veiti fjelaginn ekki rekstrarlán nema það geti sett aðrar sæmilegar tryggingar. Ef tilfærsla á veðrjettinum er einskisvirði fyrir ríkissjóð, fáum við ekki sjeð, að hún geti verið trygging fyrir nýjum lánveitingum.

Við leggjum því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem veðrjettur ríkissjóðs, sá er tillagan ræðir um og metinn var af bankastjórn Íslandsbanka 13 þús. kr. virði, hefir af fjármálaráðherra þegar verið færður aftur fyrir rekstrarlán það, er Íslandsbanki hefir veitt h/f »Kára« frá janúarbyrjun til þessa tíma, og þar sem ætla má, að veðrjetturinn sje þegar uppjetinn, virðist deildinni tillagan þýðingarlaus og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. mars 1926.

Jónas Jónsson.

Ingvar Pálmason,
frsm.